



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Beiðni um aukið framlag til Skóla Ísaks Jónssonar vegna reksturs leikskóladeildar fyrir fimm ára börn*

Með tölvuskeyti, dags. 23. apríl 2021, frá skólustjóra Ísaksskóla var óskað eftir fjölgun plássna fyrir 5 ára reykvísk börn fyrir skólaárið 2021-2022, úr 70 í 75.

Núgildandi samningur við Skóla Ísaks Jónssonar var undirritaður 31. janúar 2019 og gildir hann frá 1. október 2018. Þar er kveðið á um að heimilt sé að greiða framlag vegna 61 fimm ára reykvísk barns.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 2. maí 2019 var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 65 barna frá 1. maí 2019 í stað 61 barns. Vegna þessa var gerður viðauki, dags. 12. júlí 2019, við samning aðila, dags. 13. janúar 2019.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. september 2020 og í borgarráði þann 1. október 2020 var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 70 barna frá 1. október 2020 í stað 65 barna. Vegna þessa var gerður viðauki, dags. 8. október 2020, við samning aðila, dags. 13. janúar 2019.

Samkvæmt rekstrarleyfi sem gefið var út fyrir 5 ára leikskóladeild í Skóla Ísaks Jónssonar 5. júlí 2013 var veitt leyfi til að reka 5 ára leikskóladeild fyrir allt að 80 börn.

### *Fjárhagsupplýsingar*

Samkvæmt útreikningum frá fjármálaskrifstofu SFS er kostnaður við þessa aukningu eftirfarandi:

Kostnaður vegna framlags með 5 börnum í 5 ára deild Ísaksskóla ágúst – desember 2021 er kr. 4.498.700.-

Á ársgrundvelli (11 mánuðir) með 5 börnum eru þetta kr. 9.897.140.-


Ekki er gert ráð fyrir framangreindu auknu fjármagni í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. júní 2021, þar sem meðal annars kemur fram að það sé mat fjármálaskrifstofu að fjölgun um 5 börn í Skóla Ísaks Jónssonar hafi lítil jaðaráhrif fyrir borgina ein og sér og á þessu stigi sé ekki þörf á sérstakri viðbótarfjárheimild vegna þessa. Gert sé ráð fyrir að farið sé yfir fjölda barna í borgar- og einkareknum leikskólum með reglubundnum hætti og fjármagn til sviðsins aukið eða skert í samræmi við venjur í því sambandi.

*Afstaða skóla- og frístundasviðs*

Fagskrifstofa leikskólamála mælir með að umsókn verði samþykkt.

Virðingarfyllst



sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

## **Rekstrarleyfi fyrir 5 ára leikskóladeild í Skóla Ísaks Jónssonar**

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla – og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Skóla Ísaks Jónssonar ses kt. 600269-4889 leyfi til að reka 5 ára leikskóladeild við Skóla Ísaks Jónssonar.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Bólstaðarhlíð 20 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka 5 ára leikskóladeild í húsnæðinu fyrir allt að 80 börn.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskóladeildina skal starfa leikskólastjóri, sem hefur leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskóladeildarinnar skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhalskóla.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskóladeildarinnar undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá 5 ára deildarinnar var gefin út árið 2013 og var lögð fyrir í skóla- og frístundaráði 15. maí 2013.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Skóla Ísaks Jónssonar er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber skólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskóladeildinni. Ber skólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli Skóli Ísaks Jónssonar ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, 15. maí 2013

---

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.





## Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni: Beiðni Ísaksskóla um að viðmið um fjölda barna í leikskólahluta verði hækkað í 75.**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um beiðni Ísaksskóla frá 23. apríl 2021 um að hámarksfjöldi barna í 5 ára deild skólans verði hækkaður úr 70 í 75 og að breytingin taki gildi 1. ágúst 2021.

Í bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs, dags. 14. júní s.l., er staðfesting á því að í rekstrarleyfi skólans vegna leikskóladeildar sé heimild fyrir allt að 80 börn. Einnig kemur fram að áætlaður árlegur kostnaður vegna fjölgunarinnar sé 9.403 þ.kr. Ekki hefur verið gert ráð fyrir fjármagni vegna fjölgunar barna í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

### Umsögn:

Í janúar 2019 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og Skóla Ísaks Jónssonar um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla. Í 4. gr. samningsins er að finna ákvæði um greiðslur á rekstrarframlagi til skólans og í gr. 4.1. er að finna þær meginforsendur sem um þær gilda:

*„Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.“*

Að auki greiðir Reykjavíkurborg sk. húsnæðisframlag sbr. 5. gr. samningsins:

*„Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma enda er leikskólinn í eigin húsnæði /leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.*

*Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolaroqfristund.is](http://www.skolaroqfristund.is).“*

Í grein 4.1. felst sá skilningur að útgjöld Reykjavíkurborgar vegna leikskólabarna er hinn sami hvort sem barn er vistað í borgarreknum leikskóla eða einkareknum leikskóla. Jaðaráhrifin af því að vista barn í einkareknum leikskóla frekar en borgarreknum leikskóla felast í húsnæðisframlaginu skv. 5. gr. samningsins. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að Reykjavíkurborg geti sparað fastan kostnað við borgarreknið húsnæði, þótt nýting þeirra versni, vegna þess að fleiri börn fari í einkarekna skóla fremur er borgarekna, vegna þess fjármagns sem bundið er í húsakosti borgarinnar ásamt föstum rekstrarkostnaði.

Árlegur kostnaður vegna fjölgunar um 5 nemendur er 9.403 þ.kr. Viðbótarkostnaður Reykjavíkurborgar, vegna samnings við sjálfstætt starfandi leikskóla, til skamms tíma geta því verið sem svarar húsnæðisframlaginu, sem er um 317 þ.kr. á ári pr. barn eða tæplega 1.584 þ.kr. m.v. 5 barna fjölgun úr 70 barni í 75. Á móti kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum er úthlutað 4.088 kr. lægra framlagi á mánuði en borgarreknum þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls. Það sparar 45 þ.kr. á ári pr. barn eða 225 þ.kr. m.v. 5 börn. Þannig væntur kostnaðaraukinn til skamms tíma miðað við að hafa börnin í borgarreknum leikskóla er 1.323 þ.kr. á ári. m.v. 5 börn. Til lengri tíma litið má þó ætla að jaðaráhrifin hverfi sé nýting borgarrekinnna leikskóla í jafnvægi m.v. húsakost.

Það er mat fjármálaskrifstofu að fjölgun um 5 börn í Skóla Ísaks Jónssonar hafi lítil jaðaráhrif fyrir borgina ein og sér og á þessu stigi sé ekki þörf á sérstakri viðbótarfjárheimild vegna þessa. Gert er ráð fyrir að farið sé yfir fjölda barna í borgar- og einkareknum leikskólum með reglubundnum hætti og fjármagn til sviðsins aukið eða skert í samræmi við venjur í því sambandi.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

## Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og Skóli Ísaks Jónssonar, 600269-4889, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna sem verða fimm ára á árinum sem þau hefja skólagöngu í leikskóladeild leikskólans að hausti.

### 1. gr.

#### Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á.m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kærانegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

### 2. gr.

#### Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í

vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrir en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

### 3. gr.

#### Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki 61 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilds dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilds dagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólþjónustu.

### 4. gr.

#### Rekstrarframlag

##### 4.1 Rekstrarframlag vegna barna sem verða fimm ára á árinu :

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem verða fimm ára á árinu og hefja skólagöngu í leikskóladeild leikskólans að hausti ef ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádröginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilds dagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilds dagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilds dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilds dagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.



Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.

**a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknunum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasvið, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

## 5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

## 6. gr.

### Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

Leikskólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstakrar aðstoðar og þjálfunar barna í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

## 7. gr.

### Greiðsla framlags

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu<sup>1</sup> eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun

skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

#### 8. gr.

##### Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna sem verða fimm ára á árinu sem þau hefja skólagöngu í leikskóladeild skólans að hausti, má aldrei vera hærrí en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 1,15.

#### 9. gr.

##### Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

#### 10. gr.

##### Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

#### 11. gr.

##### Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur

verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

#### 12. gr.

##### **Breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar**

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

#### 13. gr.

##### **Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

#### 14. gr.

##### **Gildistími og uppsögn**

Samningurinn tekur gildi 1. október 2018. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

#### 15. gr.

##### **Varnarþing**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 16.

##### **Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrrsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

5A0

6 flut

Reykjavík, 31. janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Skóla Ísaks Jónssonar

Helga Gu

Signe A. Guðjónsd.

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Anna Guðarsd. 041265-4349  
Engla Traustadóttir 020383-5349

Lára Jóhannesdóttir  
110388-3999

Helga Þórisdóttir  
090877-5939

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um reglur um leikskólalþjónustu



**Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla**

## 1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Skóli Ísaks Jónssonar, kt. 600269-4889, gerðu þann 31. janúar 2019 með sér samning um rekstrarstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna sem verða fimm ára á árinu sem þau hefja skólagöngu í leikskóladeild leikskólans að hausti.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn. Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 22. september 2020, sem staðfest var í borgarráði 1. október 2020, og tekur gildi þann 1. október 2020.

## 2. gr.

Samkvæmt viðauka þessum er gerð sú breyting á samningnum að 1. ml. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

*„Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki 70 börn nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn“*

## 3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 31. janúar 2019 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. 31. janúar 2019. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

## 4. gr.


Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

## 5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.


Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar og þeim sem heimild hafa til að skuldabinda Skóla Ísaks Jónssonar.

Reykjavík 8. október 2020



F.h. skóla- og frístundasviðs

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun



F.h. Skóla Ísaks Jónssonar

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og

yfirlýsingu leikskólans um fjárræði:

Amalinda d. 041265-1319  
Guðrun Hjartardóttir

Skóla Ísaks Jónssonar 2003577789  
Sigríður Elva Eggisdóttir 170784-3674





## Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla

### 1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Skóli Ísaks Jónssonar, kt. 600269-4889, gerðu þann 31. janúar 2019 með sér samning um rekstrarstyrk, hér nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna sem verða fimm ára á árinu sem þau hefja skólagöngu í leikskóladeild leikskólans að hausti.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn. Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 9. apríl 2019, sem staðfest var í borgarráði 2. maí 2019.

### 2. gr.

Gerð er sú breyting á 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. samnings aðila frá 13. janúar 2019 að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar er breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 65 barna frá 1. maí 2019 í stað 61 barns.

### 3. gr.


Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 31. janúar 2019 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. 31. janúar 2019.

### 4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


### 5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.



F.h. skóla- og frístundasviðs

Reykjavík 12. júlí 2019



F.h. rekstraraðila leikskólans

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu skóla- og frístundasviðs um

fjarræði:

Anna Guðrún 641265-4319

A. Júlí 2019 110662-7119

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu leikskólans um fjarræði:

Mættur Kristjánsson 190195-2879

Ólaf Lund 270597-3009

